

verðbréfa-
markaður

lánamarkaður

**lífeyris- og
verðbréfasjóða
markaður**

vátrygginga-
markaður

Námskeið fyrir Rekstrarfélög

27.maí 2009

Halldóra Elín Ólafsdóttir

FJÁRMÁLA *e* FTIRLITIÐ

- Halldóra E. Ólafsdóttir (halldora@fme.is) – sviðsstjóri
- G. Áslaug Jósepsdóttir (gudrunaj@fme.is) – lögfræðingur
- Ólafur E. Friðriksson (olafure@fme.is) – lögfræðingur
- Sara Sigurðardóttir (sara@fme.is) – viðskiptafræðingur
- Steinvör V. Þorleifsdóttir (steinvor@fme.is) – rekstrarhagfræðingur

Ábyrgðamannakerfi sviðsins

fme

- Sent bréf til framkvæmdastjóra rekstrarfélaga 25.ágúst 2008
 - ef mannabreytingar verða, sendir FME nýtt bréf þess efnis til rekstrarfélaga
- Ábyrgðamaður rekstrarfélags er með fjárhagslegt eftirlit og er tengiliður við félagið
- Lögfræðingur er með lögfræðilegt eftirlit með rekstrarfélaginu
- Rekstrarfélagið á að beina fyrirspurnum sínum til ábyrgðamanns
 - Ef vafi er á því hvernig fylla skal út skýrslu, þá endilega vera í sambandi við ábyrgðamann
- Ábyrgðamaður á að hafa yfirsýn yfir öll mál sem eru í gangi vegna félagsins
- Tilgangur þessa kerfis er að samskipti á milli FME og rekstrarfélaga verði skilvirkari

Listi yfir ábyrgðamenn

fme

Fyrirtæki	Abyrgðarmaður	Lögfræðingur
Landsvaki	Sara	Ólafur
Rekstrarfélag Kaupþings banka	Sara	Áslaug
Íslandssjóðir	Sara	Áslaug
GAM management	Steinvör	Ólafur
Rekstrarfélag SPRON	Steinvör	Ólafur
Rekstrarfélag Byrs	Steinvör	Áslaug
Rekstrarfélag verðbréfasjóða IV	Steinvör	Ólafur
MP Sjóðir hf.	Steinvör	Ólafur

- Yfirlit yfir skýrsluskilin er á heimasíðu FME
 - <http://www.fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6251>
- Afar mikilvægt er að upplýsingar séu réttar í öllum skýrslum sem skilað er til FME og FME gerir kröfu til þess að vinna við útfyllingu á skýrslum sé sett í forgang og vandað sé til verka
- Upplýsingar úr skýrslu um sundurliðun fjárfestinga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða fara inn í gagnagrunn FME
- FME notar upplýsingarnar úr gagnagrunninum í svokallað úrvinnslukerfi (early warning system), er að vísu ekki að fullu komið í framkvæmd
 - Skilgreindar eru ákveðnar kennitölur/viðmið
 - Ef sjóður rekstrarfélags er fyrir utan þessi viðmið þá sendist tölvupóstur til viðkomandi ábyrgðamanns
 - Úrvinnslukerfið byggir á umferðarljósakerfi þ.e. rautt þýðir að um mikið frávík er að ræða frá viðmiði, gult þýðir eitthvað frávík og grænt þýðir að allt er í lagi
 - Rekstrarfélög eiga að fá viðbrögð frá FME fljótlega eftir skýrsluskil

- Lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði:
 - <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003030.html>
- Skráð hlutabréf í OMX:
 - <http://www.nasdaqomxnordic.com/hlutabref/>
 - það þarf að velja Large Cap, Mid Cap og Small Cap og svo hvaða land þú vilt skoða
- Skráð skuldabréf í OMX:
 - <http://www.nasdaqomxnordic.com/bonds/iceland/?languageId=17>
 - það þarf að velja hvers konar bréf um er að ræða

verðbréfa-
markaður

lánamarkaður

lífeyris- og
verðbréfasjóða
markaður

vátrygginga-
markaður

Skýrsla um sundurliðun fjárfestinga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Sara Sigurðardóttir og Steinvör V. Þorleifsdóttir

FJÁRMÁLA *E*FTIRLITID

- Skýrslan er mikilvæg til þess að hægt sé að hafa virkt eftirlit með verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.
 - Þ.a.l. er mikilvægt að skýrslan sé rétt útfyllt.
 - Skýrslan er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn nær yfir allt tímabilið, en seinni hlutinn sýnir eignastöðu sjóðanna eins og hún var á síðasta degi tímabilsins.
 - Skýrslunni skal skilað innan hvern mánuð.

Sundurliðun fjárfestinga - fyrri hluti

fme

Sundurliðun fjárfestinga	
Rekstrarfélag:	Uppgjörsgdagsetning:
Rekstrarfélag Heklu verðbréfa hf.	2009-05-31
Sjóður:	
Hekla: Fjárfestingarsjóður 1	
Fjárfestingasjóðir	non-UCITS
Dagsetning skýrslu:	
Framkvæmdarstjóri rekstrarfélags:	
Sjóðsstjóri:	
Sjóðurinn/sjóðsdeildin hefur heimild skv. 37 gr. laga nr. 30/2003:	Veljið svar! *
Vísitölusjóður:	Veljið svar! *
Hvaða vísitölu á sjóðurinn að endurspeglar:	
54. gr. laga nr. 30/2003 Sjóðurinn/sjóðsdeildin nýtir sér eftirfarandi heimildir 54. gr. skv. reglum sínum:	
1 tl	Veljið svar! *
2 tl	Veljið svar! *
3 tl	Veljið svar! *
4 tl	Veljið svar! *
5 tl	Veljið svar! *
6 tl	Veljið svar! *

Yfirlit fjárfestingarheimilda skv. III. kafla F laga nr. 30/2003

Sundurliðun fjárfestinga – seinni hluti

fme

Sundurliðun fjárfestinga

Rekstrarfélag: Uppgjörsgdagsetning:
 Sjóður:

Fjárfestingasjóðir

Dagsetning sundurliðunar:

Útgefandi	(Kauphallar) auðkenni	Gjalddagi	Meðallíftími (duration) í árum	Tegund fjárfestingar	Skráð/óskráð	Fjöldi eininga	Gengi	Gjaldmiðill	Gengi gjaldmiðils	Bókfært verð eignar (í þús.kr)
Sundurliðun fjárfestinga	*	*	*	Veldu...	Skráð	0	*	ISK	1	0
										0

Bæta við fjárfestingu

- **Hlutabréf:** skráð eða óskráð hlutabréf fyrirtækja
- **Ríkisskuldabréf:** skráð eða óskráð skuldabréf útgefin af íslenska ríkinu eða ríki innan EES.
- **Skuldabréf sveitarfélaga:** skráð eða óskráð skuldabréf útgefin af íslenskum sveitarfélögum eða sveitarfélögum innan EES.
- **Veðskuldabréf:** skráð eða óskráð skuldabréf útgefin af fyrirtækjum eða einstaklingum og hafa veð í fasteignum, jörðum eða einhverju slíku til tryggingar greiðslu.
- **Annað skuldabréf:** skráð eða óskráð skuldabréf útgefin af fyrirtækjum eða einstaklingum án veða.

Skilgreining á tegund fjárfestinga frh.

fme

- **Peningamarkaðsbréf:** Undir peningamarkaðsskjöl heyrja framseljanleg skjöl sem viðskipti eru að jafnaði ekki stunduð með á skipulegum mörkuðum heldur á peningamarkaði, t.d. víxlar ríkis- og sveitarfélaga, innláns skírteini, viðskiptabréf og auðseljanleg skuldabréf og víxlar. Líftími nefndra fjármálagerna að gjalddaga skal ávallt vera styttri en 12 mánuðir. Til peningamarkaðsbréfa geta einnig talist framseljanleg skjöl, t.d. víxlar ríkis- og sveitarfélaga, innláns skírteini, viðskiptabréf og auðseljanleg skuldabréf og víxlar sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði og líftími að gjalddaga er styttri en 12 mánuðir.
- **Ábyrgðarbréf:** skráð eða óskráð skuldabréf útgefin af fyrirtækjum með ábyrgð ríkis eða sveitarfélags (t.d. Íbúðalánasjóður)

- **Hlutdeildarskírteini UCITS:** hlutdeildarskírteini í sjóði er fellur undir UCITS tilskipun 85/611/EBE og II. kafla laga nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Allir íslenskir verðbréfasjóðir falla undir þennan flokk ásamt verðbréfasjóðum markaðssettum innan EES er falla undir UCITS eða SICAV.

- **Hlutdeildarskírteini non-UCITS:** hlutdeildarskírteini í sjóði er fellur ekki undir UCITS tilskipun 85/611/EBE.

Allir íslenskir fjárfestingarsjóðir falla undir þennan flokk ásamt fagfjárfestasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er falla ekki undir liðinn hér að ofan.

Skilgreining á tegund fjárfestinga frh.

fme

- **Afleiður:** allir afleiðusamningar sem sjóður hefur gert vegna stöðutöku, þ.á.m. vaxtaskiptasamningar og framvirkir samningar. Ekki skal telja fram þá afleiðusamninga sem gerðir eru vegna varna. Ekki skal nota neikvæða afleiðusamninga til að lækka hlutfall heildarfjárfestingar í einum útgefanda.
- **Fjárfestingar í innlánnum:** fjárfesting telst til innlána ef sérstaklega er samið um vexti og binditíma (ef við á) fyrir hverja fjárfestingu. Innlán geta verið bundin yfir nótt og allt að 12 mánuðum. Innlán þurfa að vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs.

Skilgreining á tegund fjárfestinga frh.

fme

- **Fullnustueignir:** eignir sem samræmast ekki 30. gr. laganna en sjóðurinn hefur innleyst til sín til að fá kröfu greidda.
- **ETFs:** skilgreining þessara sjóða eru í nánari skoðun hjá FME. Þegar niðurstaða liggur fyrir verða rekstrarfélögum sendar upplýsingar þess efnis.
- **Reiðufé:** lausafé sjóðs sem telst ekki til innlána.
- **Önnur verðbréf:** ef sjóðurinn hefur fjárfest í öðrum verðbréfum en talin eru upp hér að framan skal nota þennan valkost.

Skýrsla um sundurliðun fjárfestinga – seinni hluti *fme*

- Við útfyllingu á seinni hluta skýrslunnar skal sérstaklega gæta þess að:
 - auðkenni verðbréfs sé í samræmi við útgefanda þess
 - reiðufé samræmist svari í fyrri hluta skýrslunnar
 - eignasamsetning í skýrslu um fjárfestingarstefnu og eignasamsetningu samræmist seinni hluta skýrslu um sundurliðun fjárfestinga
 - hlutföll í viðmiðunarvísitölu séu rétt (sé sjóðurinn vísitölusjóður)
 - verðbréf séu rétt flokkuð (tegund fjárfestingar og hvort þau séu skráð/óskráð/á leið til skráningar)
 - hlutdeildarskírteini séu rétt flokkuð (UCITS eða non-UCITS)
 - ef sjóður á verðbréf sem hefur verið afskráð í kauphöll þá ber að flokka fjárfestinguna sem óskráða

Skýrsla um sundurliðun fjárfestinga – seinni hluti *fme*

- **Pending greiðslur:** Í seinni hluta skýrslunnar skal ekki taka tillit til væntanlegra (pending) inn- eða útgreiðslna, enda er seinni hluti skýrslunnar yfirlit yfir eignir sjóðs á ákveðnum tímapunkti. Hafi sjóður fjárfest í verðbréfum sem ekki hefur verið greitt fyrir skal hvorki eignfæra verðbréfin, né taka tillit til væntanlegrar útgreiðslu. Það sama á við ef sjóður hefur selt verðbréf en ekki fengið greitt fyrir.
- Í 4. mgr. 16. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa kemur fram að réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöð. Þetta þýðir að ekki má eignfæra verðbréfin fyrr en lokagreiðsla hefur átt sér stað.

Útgefendur sem ekki eru undir upphaflegu heiti

fme

- Eigi verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður verðbréf eða peningamarkaðsskjal þar sem nafn upphaflegs útgefanda er ekki það sama og nafn greiðanda þá skal skrá nafn greiðanda í reitinn „Útgefandi“ og skrifa auðkenni bréfsins í reitinn „(Kauphallar) auðkenni“.

- Skýrsla um fjárfestingarstefnu og eignasamsetingu: skila má núllskýrslu fyrir sjóði í slitameðferð, taka mætti fram í skýringarreit að verið sé að slíta sjóðnum.
- Skýrsla um sundurliðun fjárfestinga – fyrri hluti: skila má núllskýrslu fyrir sjóði í slitameðferð, taka mætti fram í skýringum að verið sé að slíta sjóðnum.
- Skýrsla um sundurliðun fjárfestinga – seinni hluti: skila skal skýrslunni eins og fyrir hvern annan sjóð.

- Ef rekstrarfélag hefur stofnað nýjan sjóð sem enn hefur ekki hafið að fjárfesta en er þó kominn í skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins skal skila núllskýrslum fyrir þann sjóð.

Fyrirspurnir sem komu fram á námskeiðinu

fme

- Vegna spurningar 25, ii. og iv. liður spurningarinnar: Er litið til einstaka útgefanda eða verðbréfaútgáfu allrar samstæðunnar? Litið er til einstakra útgefanda.
- Geta peningamarkaðsskjöl ekki verið skráð á skipulegum markaði? jú, ef líftími bréfanna að gjalddaga er styttri en 12 mánuðir.
- Pending greiðslur: sjá glæru nr. 17. Vakin skal athygli á því að í seinni hluta skýrslu um sundurliðun fjárfestinga má bæta við athugasemdum vegna pending greiðslna ef rekstrarfélagið telur ástæðu til.

Fyrirspurnir sem komu fram á námskeiðinu frh.

fme

- Reiðufé og innlán; hvað ef vextir á reiðufé eru hærri en á innlánnum? svar: Ákvæði laga nr. 30/2003 ná yfir lengra tímabil en núverandi aðstæður. Almennt ber reiðufé lægri vexti en innlán og því ekki æskilegt að hlutfall reiðufjár sé hærra en 10% af heildareignum sjóðs. Til að fjárfesting teljist til innlána þurfa innlán að vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðs en einnig þarf að semja sérstaklega um vexti og binditíma hverrar fjárfestingar fyrir sig. Það lausa fé sem er í eigu sjóðs sem telst ekki til innlána er flokkað sem reiðufé.

- Frekari spurningar má senda á:
 - Söru Sigurðardóttur á sara@fme.is
 - Steinvöru V. Þorleifsdóttur á steinvor@fme.is

verðbréfa-
markaður

lánamarkaður

**lífeyris- og
verðbréfasjóða
markaður**

vátrygginga-
markaður